

# Fáein orð um Kúbumyndina

Málöggn lýðræðissinna minnstust sautjándag afmælis-dags Sameinuðu þjóðanna af alvöru og festu, svo sem sém-ir blaðakosti tryggustu tals-manna frelsis og mannrétt-inda um heim allan.

En því miður fór minna fyrir hátíðagreinunum en vert væri. Það var lítið pláss í blöðunum þessa daga. Þau voru nefnilega önnur kafin við að mæla hnefaréttu bót sem hinni ágætustu stefnu í samskiptum þjóða, afsaka hann og sýna fram á hver nauðsyn það er hinum frjálsu þjóðum, að þeir „teknivæddu villmenn“, amerikanar, gripi til frumskógaðgæðis ef þeim mætti eitthvað hægest móð-ursýkin sem aldrei leikur þá verr en á þeim trúðeiks- og pípara tímum (showbusiness) sem þarlandir kalla kosning-ar.

Einkum var þó skrifit að sjá Tímann, blað íslenskra bænda, sem eru þekktir að sjálfstæðri og heiðarlegru hugsun, að sjá þetta málagn þeirra smána sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt litillar eybjóðar og það vegna þess að þar eru herstöðvar.

En hér mun þó frekar gæta áhrifa Varðbergssegja sem vilja nú sýna djörfung og dug þegar eyríkið Kúba bygg-ur nú á (svo sem sannað hefur verið með ljósmyndum úr lofti) landvinninga og ætíð sér ekki minna (svo sem einnig hefur verið sannað með ljósmyndum úr lofti) en heimsálfuna Ameríku. Og munu lýðræðissinnar í gjör-vallri Suður-Ameríku fagna

þessu vinarþeli því alltaf er munur að mannsliðinu.

En nú vill svo vel til að sýnd verður heimildarkvik-mynd frá Kúbu í Háskóla-bíói á morgun, sunnudag, og geta þá allir lýðræðissinnar séð með eigin augum siði og háttu þessarar eybjóðar, ógn-valds frelsisunnandi Amer-íkuríkja.

Mynd þessa gerði einhver snjallasti kvikmyndari Ráð-stjórnarríkja. Roman Karmen. Hann dvaldi á Kúbu í þrjá mánuði haustið 1960 og var annan eins tíma að klippa myndina og fullgera. Því höfuðverkefni og vandi kvikmyndarans (við heimild-arkvikmyndir) er að velja þau atriði sem hann sýnir. Þannig að þau gefi sem bezta og sannasta mynd af því sem hann sjálfur sá. Og eðlilega velur hann þær myndir sem skirast tala máli kvikmynd-arinnar. Kvikmyndir eru sér-nefnilega sitt eigið mál og þetta mál verðum við að skilja til að geta notið mynd-arinnar.

Þegar við sjáum t.d. stúlku ljúka við að núðra sig og stíma núðurdósinni niður í skúffu og sjáum þar skamm-byssu skilum við að þetta er ekki hötfyndni en mál kvikmyndarinnar. Í einni mynd sýnir hann okkur djúpt inn í ákveðnar aðstæður.

Þegar þeir sem áður hiru-ust í hreyfingum fella þessi hreyfingar þeir flýta í nýjar íbúðir skilum við að þetta er ekki barnalegur áróður heldur mikill sannleikur einföld mynd sem ris og verður að

tákni, tákni sem segir okk-ur meira en margar ræður.

Höfundur myndarinnar hef-ur sjálfur lýst því yfir, að það sem snart hann hvað mest er hann dvaldi á Kúbu við gerð myndarinnar var opnun stálhúðar í þjóðbank-anum. Hann skynjaði í þessu verki tákni sjálfrar bylting-arinnar og leitast við að koma þeim tilfinningum sín-um yfir til okkar áhorfend-anna.

Höfundur er mjög gjarnn að bregða upp sterkum nærmynd-um. Hann er ekki einungis að sýna okkur fólk heldur vill hann að við lesum þetta fólk — lesum í augu þess. Til dæmis nærmyndir af fólk með blóm við minningarat-höfn um byltingarhetjuna Camillo. Hann sýnir okkur ekki aðeins alvörugefin and-lit með blóm, hann reynir á þennan hátt að vekja með okkur skynjun á því hve fög-ur og hve sár þessi sorgar-athöfn var.

Við gerð kvikmyndarinnar hefur hann forðast að setja nokkuð á svið — láta leika. Allt verður að vera eins og hann sá það sjálfur. Þetta kemur vel í ljós þegar hann segir frá atburðum sem löngu eru liðnir, t.d. í atriðinu þegar byltungarmennirnir 82 komu að landi og voru murk-aðir niður þannig að aðeins tólf stóðu eftir. Þá sýnir hann okkur aðeins umhverfið, síð-an sjáum við þá koma að landi og við förum í gegnum sömu myrrafenir og þeir brutust forðum.


Höfundur auðgar myndina með gömlum fréttamyndum, jafnvel fréttamyndum sem sjálfir andstæðingarnir hafa tekið.

Þetta eru aðeins sundur-leitir þankar svona rétt til að minna á að heimildarkvik-mynd talar sínu eigin máli og við verðum að leitast við að skilja sannleikann og til-finningarnar í einföldum myndum með djúpri merk-ingu.

Annað er það, að margt kann að koma okkur spáskti fyrir sjónir. Saga og örlög þessarar þjóðar eru okkur ó-kunn og framtíðin. Og við getum ekki skilið nútíð henn-ar ef við þekkið ekki fortíðina en við höfum lítil tók á því að skilja hana, þ.e.a.s. að skynja hana, því við höf-um ekki lífað neitt svipað, sem betur fer. Og kannski verður okkur erfiðast að skilja þetta fólk því umskipt-in í lífi þess og brennandi byltingarhugur gerir það nefnilega töluvert öðruvísi við eignum að venjast í vel-sælu viðreisnarþjóðfélagi.

— M.J.

## Magnús Á. Árnason sýnir í Bogasalnum




Magnús Á. Árnason opnar í dag málverkasýningu í Boga-sal Þjóðminjasafnsins. Á sýn-ingunni eru 54 málverk og tvær höggmyndir. Á er líðið síðan Magnús hélt síðustu sýningu sína, og eru myndirnar á þess-ari nýju sýningu frá því í sum-ar.

Mest ber á landslagsmyndum: barna eru flokkar mynda frá Þingvöllum, úr Hnappadal: Magnús hefur farið víða um

sudvesturland í leit að viðfangs-efnum. Myndunum svipar flest-um mjög saman; yfir þeim er andrúmsloft rósemi og hófsemi. Það er ekki auðvelt að gefa heilli sýningu eitt einkunnarorð; kannski það mætti samt kalla þessar myndir vingjarnlegar. Eða réttara sagt: það hugarfar sem stýrir þessari málarsögu.

Á sýningunni eru einnig and-litsmyndir. Hún verður opin dag-lega klukkan 2—10 til fjórða nóvember.

## Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á myndvefnaði



Ásgerður Búadóttir opnar í dag sýningu á myndvefnaði í vinnustofu sinni Karfavogi 22. Á sýningunni eru 15 myndir og eru þær allar frá tveim síðustu árum.

Á sýningunni er sléttur vefnaður, og einnig er þar nokkurs-konar rýra-vefnaður. Og það kemur fyrir að þetta tvennt

vinnur saman. Einföld, stór, hrein form byggja upp þessar myndir.

Ásgerður minnst á það, að myndvefnaður er enn tiltölulega sjaldgæfur hér á landi. Sýning hennar mun til dæmis vera hin fyrsta hærlandis á myndvefnaði eingöngu. Hinsvegar gerðist nú á okkar dögum erlendis mikil endurfæðing myndvefnaðar sem tengd væri hreinum, köldum veggjum þeirrar mónumentölu byggingarlistar sem heimurinn býr við.

Ásgerður Búadóttir stundaði framhaldsnám við Konunglega Akademið í Kaupmannahöfn 1946—'50, en á námi loknu tók hún að leggja megináhrerlu á myndvefnað. Myndvefnaðir hennar hafa komið fram á nokkrum sýningum erlendis, á alþjóðlegu listiðnaðarsýningunni í München 1956, þar sem henni voru dæmd gullverðlaun sýning-arinnar, á norrænni sýningu í Louvresafninu í París 1958—'59 og enn á alþjóðlegri sýningu í München 1961. Hér heima hefur hún sýnt á nokkrum sýningum. Auk þess hefur hún gert mynd-skreytingar í bækur, teiknað myndturgerðir fyrir verksmiðju-vefnað og gert skreytingar í byggingar (m.a. fyrir félagsheim-ilí í Njarðvíkum).

Sýningin verður opin daglega milli kl. 2 og 10 fram til sjötta nóvember.

# Nýtt Þjóð-vilja-happ-drætti

Á MÁNUDAG verða póstfla-gar happdrættisblokkir til allra áskrifenda Þjóðviljans og eru menn beðnir að taka vinsamlega á móti þessari sendingu og af fullum skiln-ingi á þörf blaðsins fyrir fjár-hagslegan stuðning nú á þessum tímamótum í sögu þess.

AD ÞESSU SINNI verður fyr-irkomulag happdrættisins með allt öðru sniði en síðast. Hér verður um skynði-happ-drætti að ræða og fer dráttur fram 23. desember n.k. eða eftir aðeins tæpa tvo mánuði.

VINNINGAR í happdrættinu eru mjög glæsilegir. Aðalvinning-urinn er Land-Rover jeppi að verðmæti kr. 123.000,00, en Land-Rover er nú einhver eftirsóttasta og vinsælasta bifreiðategund, sem flutt er til landsins. Aðrir vinningar í happdrættinu eru góðhestur með hnakk og beizli, sérstak-lega glæsilegur og eftirsóttur vinningur, verðmæti 25.000,00 kr., sófasett frá Húsgagna-verzlun Austurbæjar, verð-mæti kr. 17.000,00, segul-bandstæki (Nordmende), verð kr. 11.000,00, 3 ferðaviðtæki (Nordmende), hvert á kr. 4.400,00 og 3 ferðaviðtæki (Nordmende), hvert á kr. 3.600,00. Samtals eru þetta 10 vinningar að verðmæti 200.000 krónur.

ÞAD ER VISSULEGA með mik-illi tregðu, sem Þjóðviljinn leggur út í þessa fjórðflun, en hjá því verður hins vegar ekki komizt af knýjandi nauðsyn. Á undanförunum mánuðum hafa flokksmenn og áskrifendur blaðsins svo og aðrir velunnar þess orð-ið fyrir miklum og förnfrek-um útlátum í sambandi við Afmælishappdrættið og hlutafjáröfnunina til prent-smiðjunnar og enn verður að höggva í þann sama knérinn þótt þungi sé. Stækkun blaðs-ins, aukinn og bættur véla-kostur og endurbætur á hús-næði þess hafa kostað ærú fé og er blaðið stórskuldugt vegna allra þessara fram-kvæmda. Í trausti þess að lesendur hafi þegar séð nokk-urn árangur förnýsli sinnar í stærra og betra blaði snýr Þjóðviljinn sér nú til þeirra og leitar eftir stuðningi til þess að geta það fært að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið. Leggjumst öll á eitt um að gera Þjóðviljinn að öflugum og skeleggu málagnni alþjóð-unnar í baráttu hennar fyrir bættum lífskjörum og frjálsu og óháðu Íslandi. Aldrei hef-ur þörfin fyrir slíkt málagn alþjóðunnar verið brýnni en nú.

## Flokkurinn

Fulltrúaráðsfundur á mánu-dag kl. 8.30 í Tjarnargötu 20. Nýtt verkefni flokksins á dan-skrá. — Sósíalistafélagið.

# Íslandi ber að stuðla að sáttum

Á fundi í fyrradag gerði Íslenska friðarnefndin eftir-farandi ályktun:

Íslenska friðarnefndin lætur í ljós ótta sinn við það hættu-ástand sem skapast hefur í alþjóðamálum með hafnbanni Bandaríkjanna gagnvart Kúbu og skorar á Bandaríkin og Sovétríkin að forðast vopn-ud áttök sem leitt geta til kjarnorkustyrjaldar.

Vér styðjum frumkvæði þeirra ríkja á þingi Sameinuðu þjóðanna sem leitast við að eyða styrjaldrættunni og vinna að því að deilan um Kúbu verði leyst á friðsam-legan hátt og að æðstu leið-togar stórveldanna komi sam-an til fundar.

Vér skorum einnig á Ind-verja og Kínverja að hætta vopnaviðskiptum og leysa deilumál sín með samningum.

Vér ítrekum kröfuna um bann við kjarnorkuvopnum og um algera afvopnun og afnám herstöðva og skorum á Sameinuðu þjóðirnar að fylgja þessum kröfum eftir og létta af mannkyninu ótt-anum við yfirvofandi kjarn-orkustyrjöld.

Jafnframt beinir friðar-nefndin þeirri áskorun til rík-isstjórnar Íslands og Alþingis að fela sendinefnd sinni á þingi Sameinuðu þjóðanna að beita sér fyrir sáttum milli stórveldanna og að aflétt verði hafnbanninu á Kúbu.

Þannig verður spegill þess flokks, sem engum er háður nema meðlimum sínum, íslenskra alþjóða.

Okkur ber einnig að koma til blaðsins með áhugamál úr daglega lífinu, og benda því á hvar forvitnilegra tíð-inda er að leita. Nú þegar blaðamönnum hefur verið fjölgað eru aðstæður betri til að vinna úr slíkum efni og á-bendingum.

Með slíku starfi í stóru og smáu, er hægt að gæða bók-stafi blaðsins meira lífi og gera það eftirsóknarverðara blað einnig í augum annarra. En á því riður öllu öðru framur að afla Þjóðviljanum samtímis fjölmargra nýrra á-skrifenda og trausts þeirra. Takist okkur það ekki, tekst ekki heldur að forða landi okkar frá því að verða út-skær sem „sterkir“ menn sáð-ur í Evrópu drottna yfir, og þá tekst ekki heldur að af-stýra því að Íslendingar verði búnir að tapa þjóðerni og



tungu eftir 100 ár.

Við gerum okkur ljóst hvað í húfi er, ef sama stjórna-stefna fer að ráða hér enn um árábil. — Það er verk-efni okkar í dag og á morgun að gera öðrum það ljóst með því að koma nýja blaðinu okkar í hendur þeirra.

Adda Bára Sigfúsdóttir.

## Nýi Þjóðviljinn

Það var ánægjulegur morg-unn, þegar nýi Þjóðviljinn birtist í dyragættinni í fyrsta sinn. Það þurfti ekki nema rétt að líta á blaðið til að sjá að þarna hafði verið gerð formbreyting, sem var veru-lega vel heppnuð. Það er oft-stað fljótséð þegar eitthvað er fullkomlega þegnað eða þá fullkomlega misþegnað. Það er t. d. jafnaugljóst að Þjóð-viljinn nýi er glæsilegt blað, eins og það var auðséð að Mynd var ömynd.

Síðan þennan ágæta laug-ardagsmorgun fyrir rúmri viku hefur það verið dagleg ánægja að skoða nýja blaðið okkar. Blaðamennirnir hafa einnig gefið innihaldi þess nýjan svip, mér hefur fund-izt efni þess vaxa upp í form-

id — en þar er einmitt verk-efni okkar — allra meðlima Sósíalistaflokksins, ekki að-eins blaðamanna, að tryggja að efni blaðsins hæfi hinum ágæta búningi. Við eigum að sjá til þess, að blaðið hafi alltaf fréttir að segja af jákvæðu, markvissu starfi, hvort sem það er á Alþingi, í sveitarstjórn, verkalyðshreyfingunni, í flokknum sjálfum eða á hverj-um þeim öðrum vettvangi sem við látum okkur varða. Við verðum að hugleiða forðóma-laust allan pólitískan vanda sem á okkur leitar, og þó að við komumst ekki ávallt að sameiginlegri niðurstöðu um fjarlægari atburði, á blaðið að vera nógu stórt til að rúma sjónarmið okkar allra, og vera